

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt og gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík nr. 147/1991.

1. gr.

1. gr. samþykktar og gjaldskrár nr. 147/1991 orðist svo:

Innheimta skal sorphirðugjald fyrir hirðingu og förgun sorps og framleiðsluúrgang sem til fellur í atvinnuhúsnæði. Gjaldið miðast við vikulega tæmingu og gerð íláta samkvæmt eftirfarandi:

Ílát	240 lítrar	1,0 eining	7.800 kr/ári
Ílát	200 lítrar	1,0 eining	7.800 kr/ári
Gámur	660 lítrar	3,5 einingar	27.300 kr/ári
Poki	100 lítrar	0,45 einingar	3.510 kr/ári.

2. gr.

Breyting þessi, sem er samþykkt í borgarráði Reykjavíkur, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Skorradalshreppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1996.

2. gr.

Gjaldið er kr. 1.800 á hvert sumarhús og hvert býli í hreppnum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 15. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.